



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

15. október 2015

Tilvísun: 2015100005

Efni: Umræðuskjal nr. 5/2015 um drög að reglum um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárouka.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 5/2015. Umræðuskjalið inniheldur drög að reglum um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárouka. Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Samkvæmt 7. mgr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, setur Fjármálaeftirlitið reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja sem ekki uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárouka. Reglurnar mæla fyrir um það hvernig fjármálafyrirtæki eiga að reikna út hámarksútgreiðslufjárhæð og hvernig fjármálafyrirtækjum ber að takmarka arðgreiðslur til hluthafa, breytileg starfskjör og aðrar sambærilegar greiðslur þegar þau uppfylla ekki að fullu samanlagða kröfu um eiginfjárouka samkvæmt ákvæðum 84. gr. a – 84. gr. e í lögum um fjármálafyrirtæki. Með reglunum eru sett takmörk á hversu mikið fjármálafyrirtæki sem uppfylla skulu samanlagða kröfu um eiginfjárouka geta greitt út í arð. Reglurnar takmarka einnig útgreiðslur sem eiga rætur að rekja til kaupauka fjármálafyrirtækja, ef þau uppfylla ekki umrædda kröfu.

Reglurnar byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (CRD IV) sem varða útreikning á hámarksútgreiðslufjárhæð (e. *Maximum Distributable Amount* – MDA), nánar til tekið ákvæðum 141. og 142. gr. tilskipunarinnar. Tilskipunina má nálgast í gegnum vefsíðu sem tilgreind er í umræðuskjali nr. 5/2015 og CRD IV undirsíðu á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 4. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir berist með meðfylgjandi umsagnareyðublaði á netfangið fme@fme.is, sbr. skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 5/2015.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson
Hjálmar S. Brynjólfsson